


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	<b>Lita- og formfræði SJÓN1LF05</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
<b>Námsáætlun haustönn 2015</b>		

<b>Kennari</b> Viðtalst.	Helga Björg Jónasardóttir Miðvikudagar kl. 9:40-10:20	<b>Sk.st.</b>	<b>HBJ</b>
-----------------------------	--	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn lögmálum myndbyggingar og rannsakar hvernig eðli myndflatar breytist eftir því á hvaða hátt línur og form skipta honum upp. Nemandinn þjálfar sig í óhlutbundinni myndgerð með það að markmiði að ná fram mismunandi áhrifum á tvívíðan flöt en einnig í þrívídd. Grundvallaratriði í meðferð lita eru einnig viðfangsefni áfangans og kannar nemandinn samspil þeirra, virkni og áhrif. Nemandinn þjálfast í að blanda liti og beita þeim á markvissan hátt. Hann þjálfast í notkun margvíslegra efna og áhalda við rannsóknir sínar. Nemandinn kynnist verkum nokkurra listamanna og hönnuða í tengslum við verkefnavinnu. Samhliða henni þjálfast hann einnig í notkun grunnhugtaka í lita- og formfræði.

### Markmið:



### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum í lita og formfræði
- ólíkum áhrifum lína og forma á mismunandi stöðum í myndfleti
- mismunandi áhrifum og vægi lita
- blöndun og beitingu ljós- og efnislita
- klassískum fegurðarlögmálum og notkun þeirra í myndlist, hönnun og byggingarlist

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita litum og formum til að ná fram mismunandi áhrifum
- nota grunnhugtök í lita og formfræði
- nota mismunandi efni og blanda liti
- nota verk nokkurra myndlistamanna og hönnuða sem innblástur fyrir eigin vinnu

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rannsaka óhlutbundna myndbyggingu
- nýta grundvallaratriði í myndbyggingu, lita og formfræði til að tjá eigin hugmyndir
- rökstyðja skoðanir sínar um málefni sem tengjast mismunandi merkingu lita, forma og efnis
- nýta og meðhöndla mismunandi efnistegundir bæði í tvívíðum og þrívíðum verkum


### Námsgögn:

Gögn sem þarf að eiga:

Mappa með plastumslögum fyrir a.m.k. 20 laus blöð, stærð A3.

Svartir "artline" tússpennar, 0,4, 0,6 og stærri.

Skæri og límstifti.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	<b>Lita- og formfræði SJÓN1LF05</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
<b>Námsáætlun haustönn 2015</b>		

### Áætlun um yfirferð:

Verkefni eru yfir tuttugu á sviðum lita- og formfræði. Byrjað á undirstöðu verkefnum, litahring, línum og formum. Fjölbreytt verkefni fylgja í kjölfarið.

### Verkefni:

#### Formfræði

Leikið með línur og form. Athugað hvernig eðli myndflatarins breytist eftir því hvernig línur og form skipta honum upp. Hlutir eins og hreyfing, hrynjandi, spenna, jafnvægi, jákvætt og neikvætt form skoðaðir.

Teiknað og málað með penna og bleki.

Klippiverkefni.

#### Litafræði

Litahringur unninn út frá frumlitum. Gráskalin skoðaður.

Unnið með hreina og mettaða liti.

Andstæðum litum og heitum og köldum litum beitt.

Nemendur eru þjálfaðir í litablöndun.

Málað með guash-litum.

#### Áferð

Nemendur skoða áferð í mynd.



### Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi. Metið í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats.

Verk, afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna og vald á efnunum og aðferðum.

25%, Formfræði

25%, Litafræði

Ferli, hvernig nemandi ber sig að við vinnuna

20%, opinn hugur, frumleiki, hugvitssemi, þor, eflist við ögrun

20%, vinnur úr upplýsingum, notar fyrirmyndir, rannsókn, ígrundun

10%, sjálfstæð rannsókn – skissubók

*Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa*

**Símar:** velkomnir til náms -  
en annars geymdir í símakassa.

Með fyrirvara um breytingar

Gangi þér vel :)

Helga

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils